

## Skýrsla stjórnar Íslandsdeildar ICOM fyrir starfsárið 2023 til 2024

Lögð fram á aðalfundi félagsins þann 17. apríl 2024.

Skýrsla þessi nær yfir starfstímabil Íslandsdeildar ICOM (ICOM IS) milli aðalfunda, frá 13. apríl 2023 til 17. apríl 2024.

### Stjórnskipan

Stjórn skipa Hólmur Hólm, formaður, Berglind Þorsteinsdóttir, gjaldkeri, og Ragnheiður Vignisdóttir, ritari, ásamt Hjördísi Pálsdóttur og Ólöfu Gerði Sigfúsdóttur, meðstjórnendum.

Stjórn hélt fjóra fundi á tímabilinu. Formenn FÍSOS (Félags íslenskra safna og safnafólks) og ICOM IS hafa auk þess fundað um tilfallandi verkefni sem félögin standa að í sameiningu, svo sem framkvæmd Íslensku safnaverðlaunanna og Alþjóðlega safnadagsins. Félögin tvö hafa unnið vel saman í gegnum tíðina og vill stjórnin koma á framfæri þakklæti til stjórnar FÍSOS fyrir ánægjulegt og gefandi samstarf og væntir áframhaldandi samheldni í kringum þau verkefni sem framundan eru.

### Félagatal

Við ritun þessarar skýrslu telja félagar í Íslandsdeildinni í heildina 184 manns en nýskráningar í félagið voru 30 talsins á starfstímabilinu. Þá barst stjórn sérlega mikill fjöldi umsókna um aðild í aðdraganda Farskóla FÍSOS í Amsterdam á síðasta ári og fagnar stjórn skráningu svo margra nýrra félaga á tímabilinu. Félagar með einstaklingsaðild skiptast í þrjá flokka: 162 almennir meðlimir, 13 nemar og 9

eftirlaunabægar.<sup>1</sup> Með stofnanaaðild eru svo höfuðsöfnin þrjú, auk Stofnunar Árna Magnússonar.

Í samræmi við starfshætti landsdeilda ICOM notar Íslandsdeildin gagnagrunninn IRIS sem umsýslukerfi utan um umsóknir, greiðslur og félagatal deildarinnar. Þá eru allar nýskráningar afgreiddar í gegnum alþjóðlegan umsóknarvef á vegum aðalskrifstofu ICOM og er umsóknarvefur þessi beintengdur við IRIS.

Sem fyrr hvetur stjórn félaga einatt til að nýta sér aðildina að ICOM til hins ýtrasta. Ekki aðeins með því að nýta frían aðgang að söfnum á heimsvísu, heldur einnig með þátttöku í alþjóðadeildum, faghópum, námskeiðum og ráðstefnum sem haldnar eru víðs vegar um heiminn og á netinu. Nánari upplýsingar um starfsemi og dagskrá ólíkra deilda ICOM má finna á heimasíðu Alþjóðaráðsins, [icom.museum](http://icom.museum).

## Rekstur og miðlun

Á tímabilinu sótti stjórn ICOM IS um styrk úr aðalúthlutun safnasjóðs til að standa undir framkvæmd Íslensku safnaverðlaunanna 2024. Sótti stjórn um styrkin af hálfu ICOM IS og FÍSOS og sótti FÍSOS á móti um styrk til þess að halda Alþjóðlega safnadaginn en líkt og áður kemur fram standa félögin að þessum tveimur verkefnum í sameiningu. Þá fékk stjórn úthlutað 2.000.000 króna styrk úr sjóðnum til þess að halda Safnaverðlaunin með óbreyttu formi frá síðustu árum.

Það gerðist því miður í upphafi árs að sending á límmiðum fyrir félagsskírteini glataðist í pósti frá aðalskrifstofu ICOM í París og varð að endursenda límmiðana frá Frakklandi. Af þessum sökum bárust miðarnir ekki til landsins fyrr en í febrúarbyrjun og voru þeir sendir til félaga í beinu framhaldi. Þá heldur aðalskrifstofa ICOM ávallt vel utan um þann fjölda límmiða sem sendir eru til hvernar landsdeildar, þar sem hver deild óskar eftir ákveðnum fjölda og stendur skil á þeim límmiðum sem ekki voru notaðir að ári loknu. Því eru miðar ekki sendir til landsdeilda án þess að farið sé í gegnum rétt ferli og eins þurfti að óska formlega eftir nýrri sendingu þegar ljóst var að sú fyrri hefði glatast í pósti. Þykir stjórn þó miður að félagar hafi þurft að bíða svo lengi eftir límmiðunum sem raun bar vitni og verður allt kapp lagt á að slíkt muni ekki endurtaka sig í framtíðinni.

Á heimasíðu var bætt við hnappi í fæti síðunnar þar sem hægt er að finna upplýsingar sem tengjast kynningarefni, hægt er að hlaða niður merki Íslandsdeildarinnar í íslenskri og enskri útgáfu, auk þess sem finna má leiðbeiningar varðandi ritun nafns félagsins. Síðasta viðbót við síðuna þar á undan sneri að því að bætt var við hnappi, einnig í fæti síðunnar, þar sem helstu upplýsingar um félagið eru aðgengilegar á ensku. Þá tókst stjórn að endurheimta Instagram-aðgang sem stofnaður var í nafni ICOM IS ([@icomisland](https://www.instagram.com/icomisland)) árið 2019 en hafði ekki verið nýttur til að deila efni frá stofnun reikningsins. Stjórn hefur ekki tekið tekið afstöðu til þess hvort eða hvernig

---

<sup>1</sup> Félagar sem hafa staðið skil á félagsgjöldum, auk nýskráðra félaga á árinu 2024.

skuli nýta reikninginn en þó þótti rétt að endurheimta aðganginn, svo að stjórn hefði hann á sínum höndum í stað þess að þar mætti að finna ónothæfa samfélagsmiðlasíðu í nafni félagsins. Voru aðgerðir þessar liður í áframhaldandi starfi stjórnar til að tryggja öflugna miðlun og samræma ásýnd vef- og samfélagsmiðla Íslandsdeildarinnar.

## Alþjóðlegi safnadagurinn

Alþjóðlegi safnadagurinn er haldinn ár hvert þann 18. maí en markmiðið með deginum er að vekja athygli á starfsemi safna og mikilvægu hlutverki þeirra í þágu samfélagsins með veglegri dagskrá og kynningu. Alþjóðlegi safnadagurinn var fyrst haldinn hátíðlegur af ICOM árið 1977 en hér á landi hefur deginum verið fagnað síðan 1997. Alþjóðaráðið velur safnadeginum sérstaka yfirskrift hverju sinni, auk þess að tengja hana við valin heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna, en árið 2023 var þemað *Söfn, sjálfbærni og vellíðan*.

ICOM IS kynnir yfirskrift dagsins fyrir íslensku samfélagi og almenningi í nánu samstarfi við FÍSOS og með stuðningi frá safnaráði. Þá sinnti Dagrún Jónsdóttir, þjóðfræðingur og starfsmaður FÍSOS, stöðu verkefnisstjóra líkt og árið áður og sá hún um að skipuleggja viðburði í tilefni dagsins og sinna kynningarmálum. Söfn voru eindregið hvött til að taka þátt í deginum með viðburðahaldi, sem og að miðla fróðleik og skemmtun á samfélagsmiðlum. Einnig var vakin athygli á deginum á sérstökum Instagram-reikningi, þar sem kynningarefni var deilt í því skyni að auka sýnileika verkefnisins og veita almenningi innsýn í safnastarfið. ICOM IS og FÍSOS létu einnig framleiða kynningarmyndbönd þar sem þjóðþekktir einstaklingar töluðu um söfn frá eigin sjónarhorni og lýstu eigin áhuga á fjölbreyttum sýningum og safnaheimsóknum.

Í tilefni dagsins sendi formaður loks [opið bréf til ráðherra og alþingismanna](#) þar sem hinir þjóðkjörnu fulltrúar voru hvattir til þess að styðja og styrkja söfn svo að þau megi standa undir lögboðnu hlutverki sínu, ásamt því sem fjallað var um yfirskrift dagsins og nýja safnaskilgreiningu Alþjóðaráðsins, sem samþykkt var haustið 2022 og þýdd yfir á íslensku í kjölfarið. Einnig var minnst á mikilvægi þess að taka ekki ákvarðanir um framtíð safna án aðkomu sérfræðinga á safnasviðinu og hættuna á því að vanmeta gildi safna fyrir samfélagið.

Á undanförunum mánuðum hefur stjórn svo annast undirbúning vegna kynningar á Alþjóðlega safnadeginum 2024 en kynningarefni barst að þessu sinni óvenju seint frá höfuðstöðvum ICOM, auk þess sem stjórn gerir athugasemdir við útfærslu plakats og tengds efnis sem gefið hefur verið út fyrir daginn. Yfirskrift dagsins í þetta skiptið er [Söfn í þágu fræðslu og rannsókna](#) en plakatið sýnir stórt „M“ í mörgum litum sem sagt er vera áberandi tákn fyrir söfn, þar sem það standi fyrir þá fjölbreyttu þekkingu sem söfn miðli til heimsins, líkt og kemur fram í meðfylgjandi rökstuðningi (sem er nýmæli en slíkur rökstuðningur hefur ekki fylgt plakötum síðustu ára).

Valið á myndefni fyrir plakatið vekur upp ýmsar spurningar í ljósi þess að Alþjóðaráðið hefur gefið út yfirlýsingar við ýmis tilefni um nauðsyn þess að ráðið endurspegli hið alþjóðlega safnasamfélag betur með því að vinna gegn evrópumíðaðri hugsun sem þó skín skýrt í gegnum kynningarefni Alþjóðlega safnadagsins. Þá þarf ekki að leita lengra en hingað til Íslands til þess að finna tungumál þar sem orðið fyrir safn byrjar ekki á „M“, enda þótt íslenska stafrófið byggi sama stafrófi og opinber tungumál Alþjóðaráðsins. Því er þetta í hróplegu ósamræmi við yfirlýst markmið Alþjóðaráðsins og er einkar útilokandi fyrir þau mál sem nota hvorki orð sem byrja á „M“ fyrir söfn eða tungumál sem nota jafnvel allt annað stafróf en hið latneska.

## Málþing: Söfn, sjálfbærni og vellíðan

Í aðdraganda Alþjóðlega safnadagsins 2023 efndu ICOM IS, FÍSOS og safnaráð til málþings í Þjóðminjasafni Íslands undir yfirskriftinni *Söfn, sjálfbærni og vellíðan*. Málþingið var haldið í fyrirlestrarsal safnsins þann 16. maí, þar sem Safnadaginn sjálfann, þann 18., bar upp á uppstigningardag. Þá var málþinginu jafnframt streymt í beinni útsendingu í gegnum Facebook-síðu ICOM IS og Alþjóðlega safnadagsins, þar sem nálgast má upptöku frá viðburðinum. Á dagskránni voru erindi sem varpa ljósi á ýmis verkefni og fjölbreytt starf safna til þess að stuðla að aukinni sjálfbærni og vellíðan í samfélaginu.

## Undirbúningur Íslensku safnaverðlaunanna 2024

ICOM IS og FÍSOS standa að Íslensku safnaverðlaununum í sameiningu en verðlaunin verða næst afhent á Alþjóðlega safnadaginn 2024, svo sem hefð hefur skipast fyrir. Þá skipuðu formenn ICOM IS og FÍSOS fulltrúa í valnefnd á liðnu hausti, samkvæmt venju, en hlutverk valnefndar er að tilnefna framúrskarandi verkefni á vegum safna, auk þess að útnefna það safn er hlýtur sjálfa viðurkenninguna. Valnefndin, sem starfar undir nafnleynd fram að afhendingu verðlaunanna, mun skila tilnefningum fyrir lok þessa mánaðar og munu þær í framhaldinu kynntar almenningi. Á undanförunum mánuðum hafa ICOM IS og FÍSOS því starfað að undirbúningi fyrir afhendingu Íslensku safnaverðlaunanna.

## Siðareglur ICOM fyrir söfn: námskeið og endurskoðun

Rafrænt siðareglunámskeið var haldið þann 16. nóvember síðastliðinn en níu félagsmenn frá þremur söfnum skráðu sig til þátttöku að þessu sinni. Leiðbeinendur voru Inga Jónsdóttir, fyrrverandi safnstjóri Listasafns Árnesinga, og Berglind Þorsteinsdóttir, safnstjóri Byggðasafns Skagfirðinga og gjaldkeri ICOM IS. Þá hefur

stjórn auglýst siðareglunámskeið sem haldið verður í Sjóminjasafninu í Reykjavík þann 24. apríl næstkomandi en slíkt staðnámskeið var síðast haldið árið 2021.

Undanfarin ár hefur Alþjóðaráðið staðið fyrir endurskoðun siðareglna ICOM fyrir söfn en áætlað er að ljúka þeirri vinnu fyrir allsherjarþing ICOM á næsta ári. Hefur stjórn tekið þátt í samráðsferli vegna málsins en verkefnið er leitt af fastanefndinni ETHCOM sem fjallar sérstaklega um málefni tengd siðareglunum. Árið 2023 var komið að [þriðja fasa í samráðsferlinu](#) en þá var kallað eftir svörum frá undirdeildum Alþjóðaráðsins við fjórum spurningum sem settar voru fram af ETHCOM.

Fyrir hönd Íslandsdeildarinnar skilaði formaður inn álit til nefndarinnar, þar sem lögð var áhersla á að fella ekki út haldbær ákvæði í siðareglunum í nafni einföldunar eða straumlínulögunar. Þá fælist í þessu viss hættu á því að siðareglurnar yrðu of óljósar til að hægt yrði að vísa til þeirra með skýrum hætti þegar upp koma spurningar og álitamál. Jafnframt var bent á mikilvægi þess að kveða skýrar á um mögulega hagsmunaárekstra sem kunna að verða vegna eignarhalds eða stjórnunarfyrrirkomulags. Loks var fjallað um nýtt orðalag í völdum ákvæðum sem fólu í sér mótsögn við aðferðafræði og nálgun nefndarinnar, auk þess sem orðalag var jafnvel heftandi og endurspeglaði ekki nógu vel ólíka stöðu safna á heimsvísu.

Fjórði og síðasti fasi samráðsferlisins verður kynntur á þessu ári.

## Útgáfu- og ferðasjóður

Á tímabilinu var auglýst eftir umsóknum um styrki úr Útgáfu- og ferðasjóði Íslandsdeildar ICOM í tvígang: fyrst þann 4. september þar sem frestur var gefinn til 1. október og næst var auglýst eftir umsóknum þann 18. janúar með frest til 15. febrúar. Samkvæmt samþykktum sjóðsins er markmið hans að styrkja fullgilda félagi til að sækja alþjóðlega fundi og ráðstefnur á vegum ICOM, auk þess sem styðja má útgáfur á efni sem tengist faglegu starfi safna. Þá bárust alls 4 umsóknir um ferðastyrk og 4 umsóknir um útgáfustyrk frá tveimur umsækjendum en stjórn mat umsóknirnar óstyrkbærar með tilliti til samþykka sjóðsins.

## Aðalfundur ICOM 2023 og fundir ráðgjafarráðs

Aðalfundur ICOM 2023 var haldinn þann 9. júní í fjarfundarformi í gegnum gáttina Agora, þar sem fundum ráðgjafarráðs og undirdeilda Alþjóðaráðsins er streymt. Á dagskrá voru hefðbundin aðalfundarstörf en stjórn Íslandsdeildarinnar getur skipað fimm kjörmenn til þátttöku í atkvæðagreiðslu á fundinum. Skipaðir kjörmenn voru stjórnarliðarnir fimm en formaður einn, eða fulltrúi hans, hefur rétt til að tjá sig á fundinum.

Á árinu voru haldnir 94. og 95. fundur ráðgjafarráðs ICOM en fyrri fundurinn var haldinn þann 2. júní og sá síðari var haldinn þann 9. nóvember. Báðir fundir voru haldnir í gegnum Agora, líkt og nefnt er að ofan, en formenn undirdeilda ICOM eiga sæti í ráðinu. Þá sótti formaður báða fundi ráðsins en formaður hefur einnig heimild til þess að skipa annan fulltrúa í sinn stað, sjái hann sér ekki fært að mæta á fundinn.

Það sætti tíðindum að degi fyrir 94. fund ráðgjafarráðsins fengu meðlimir ráðsins skeyti frá forseta Alþjóðaráðsins, Emmu Nardi, sem kjörin var á allsherjarþingi ICOM í Prag árinu áður, en í bréfinu tjáði Emma fulltrúum ráðsins að hún hefði ákveðið, í samræmi við þaraðlútandi valdheimild forseta, að [skipa Medeu Ekner sem starfandi aðalframkvæmdastjóra ICOM](#). Þá leysti hún af Peter Keller, sem gegnt hafði stöðunni síðan 2017, en Medea hafði sjálf verið kjörin varaformaður ráðgjafaráðsins í Prag 2022, auk þess sem hún átti sæti sem varafulltrúi í nýkjörinni stjórn ICOM Nord og hafði áður verið formaður sænsku landsdeildarinnar. Lét hún af störfum sem varaformaður ráðgjafarráðsins og sagði sig úr stjórn ICOM Nord vegna skipunarinnar.

Á þessum fundum Alþjóðaráðsins var fulltrúum tíðrætt um mikilvægi þess að halda að minnsta kosti árlegan aðalfund ICOM í raunheimum á ný, líkt og tíðkaðist fyrir 2020, til þess að uppfylla markmið ráðsins um að vera tengslamyndandi vettvangur fyrir fólk í faginu. Í kjölfar kosningar var því ákveðið að aðalfundur ICOM 2024 yrði haldinn í raunheimum með möguleika á að sækja fundinn í gegnum netið, eins og boðið var upp á fyrir allsherjarþingið í Prag 2022. Þá verður aðalfundur ICOM í ár haldinn dagana 11. og 12. júní í Marseille, Frakklandi, vegna Ólympíuleikanna í París.

## Svæðisbandalögin ICOM Nord og ICOM Europe

Stjórn ICOM Nord er skipuð fimm fulltrúum, einum frá hverju Norðurlandanna, auk fimm varafulltrúa, einum frá hverju landi. Fyrir hönd Íslandsdeildarinnar situr í stjórn Hólmur Hólm, sem gegnir embætti ritara, en varafulltrúi hans er Ólöf Gerður Sigfúsdóttir. Stjórn hittist reglulega á fundum í gegnum netið en auk þess skipulagði stjórn vinnufund í Kaupmannahöfn dagana 11. og 12. maí. Fundaði stjórn í húsakynnum Organisationen Danske Museer, þar sem farið var yfir ýmis praktísk mál og rekstur bandalagsins, auk þess sem rætt var um starfsdeildir Bláa skjaldarins á Norðurlöndum, Norræna menningarsjóðinn (Nordisk Kulturfond), endurskoðun siðareglna ICOM fyrir söfn, stríðið í Úkraínu, allsherjarþing ICOM í Dúbaí 2025 og fleira.

Aðalfundur ICOM Nord var svo haldinn á Zoom þann 20. nóvember síðastliðinn en til fundarins var boðið öllum stjórnarliðum og varafulltrúum svæðisbandalagsins, auk formanna og meðlima í stjórnnum landsdeilda ICOM á Norðurlöndum. Fundinn sóttu einnig Emma Nardi, forseti Alþjóðaráðsins, og Medea Ekner, starfandi aðalframkvæmdastjóri ICOM, en þær fluttu báðar stutt ávarp við setningu fundarins. Þá flutti Sally Yerkovich, sem leiðir endurskoðun siðareglna ICOM fyrir söfn fyrir

hönd ETHCOM, stutt erindi þar sem hún lýsti samráðsferlinu og hvatti stjórnarliða til þess að taka virkan þátt í endurskoðuninni, sem og að hvetja landsdeildirnar á Norðurlöndum til þess að láta í sér heyra. Fundinn sótti loks Carina Jaatinen, gjaldkeri ICOM, sem hvatti stjórnarliða til þess að virkja félag á Norðurlöndum til að taka þátt í yfirstjórn og alþjóðlegum nefndum ICOM.

Að öðru leyti voru á dagskrá hefðbundin aðalfundarstörf, auk þess sem formenn landsdeilda sögðu í stuttu máli frá því sem væri efst á baugi í eigin heimalandi en formenn og stjórnarliðar ræddu einkum hvernig hægt væri að ýta undir það að félagar nýttu sér þá styrki sem landsdeildirnar bjóða upp á, svo sem ferðastyrki. Þá undirbýr stjórn ICOM Nord fund í Helsinki dagana 6. og 7. maí næstkomandi, þar sem stjórn finnsku landsdeildarinnar mun taka á móti fulltrúum svæðisbandalagsins.

Formaður Íslandsdeildar hefur einnig sótt félagafundi ICOM Europe, sem haldnir voru á Zoom dagana 21. apríl og 26. febrúar, en formaður fer með atkvæðisrétt fyrir hönd deildarinnar á fundum bandalagsins, þar sem Íslandsdeildin er hluti af ICOM Europe.

## Nýjungar: ICOM-verðlaunin, ICOM SOMUS og ICOM SUSTAIN

Á undanförunum mánuðum hefur ICOM kynnt ýmsar nýjungar, líkt og [ICOM-verðlaunin](#) og [alþjóðadeildirnar ICOM SOMUS og ICOM SUSTAIN](#). Þá hefur kerfi ICOM verið uppfært svo að félagar geta nú skráð sig í þessar nýju deildir, ýmist í gegnum sitt svæði á [icom.museum](#) eða við skráningu í félagið þegar aðildarumsókn er fyllt út. Því eru félagar Íslandsdeildarinnar eindregið hvattir til þess að kynna sér áherslur deildanna og taka þátt í starfi þeirra.

ICOM-verðlaunin eru svo alþjóðleg viðurkenning fyrir starf safna í þágu sjálfbærrar þróunar. Er verkefninu jafnframt ætlað að varpa ljósi á það hvernig söfn geta stuðlað að sjálfbærni, auk þess að vera hvatning fyrir safnafólk á þessari vegferð. Tillögur að verkefnum sem sendar eru inn til dómnefndar skulu njóta stuðnings einnar af undirdeildum ICOM og þá er þess krafist að einn fulltrúi, sem tengiliður deildarinnar, hafi setið fund þar sem farið var yfir ferlið í heild sinni. Þá sat formaður Íslandsdeildarinnar slíkan fund 13. febrúar síðastliðinn og getur deildin því stutt tillögur um verkefni sem þykja verðskulda sérstaka viðurkenningu.

Hægt er að lesa nánar um þau skilyrði sem söfn þurfa að uppfylla til að vera tekin til greina í [tilkynningu á heimasíðu ICOM](#). Mun stjórn leita leiða til þess að kynna verðlaunin, sem og nýjar alþjóðadeildir ICOM, á komandi misserum. ICOM-verðlaunin verða afhent í fyrsta skipti á allsherjarþingi ICOM árið 2025.

## Fulltrúar ICOM IS í nefndum og ráðum

### **Safnaráð**

Helga Lára Þorsteinsdóttir (aðalfulltrúi)  
Sigurður Trausti Traustason (varamaður)  
Skipuð frá janúar 2021 til 31. desember 2025.

### **Blái skjöldurinn**

Inga Jónsdóttir (aðalfulltrúi)  
Nathalie Jacqueminet (varamaður)

### **Húsafriðunarnefnd**

Helga Maureen Gylfadóttir (aðalfulltrúi)  
Örlygur Kristfinnsson (varamaður)  
Tilnefnd sameiginlega af Íslandsdeild Alþjóðaráðs um minnisvarða og sögustaði, ICOMOS, ICOM IS og FÍSOS en þau eru skipuð á grundvelli 9. gr. laga um menningarminjar til fjögurra ára í senn, frá 1. apríl 2021 til 31. mars 2025.

### **Rannsóknasetur í safnafræðum við Háskóla Íslands**

Sigríður Örvarsdóttir

### **Tengiliður við Evrópsku safnaverðlaunin**

Helga Maureen Gylfadóttir er tengiliður EMF (European Museum Forum) sem stendur að Evrópsku safnaverðlaununum (EMYA).

Öllu þessu fólki eru færðar þakkir fyrir þeirra góðu störf.

*Ábyrgðarmaður skýrslu:*

*Hólmur Hólm,*

*formaður Íslandsdeildar ICOM*